

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1141/2011

2012/EES/67/20

frá 10. nóvember 2011

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 272/2009 um viðbætur við sameiginlegar grunnkröfur um flugvernd í almenningsflugi að því er varðar notkun öryggisskanna á flugvöllum í Evrópusambandinu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 ⁽¹⁾, einkum 4. gr. og viðaukinn,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmdastjórninni ber, skv. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008, að samþykkja almennar ráðstafanir sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum sameiginlegra grunnkrafa, sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þá reglugerð, með viðbótum við ákvæðin.
- 2) Í 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008 er enn fremur kveðið á um að framkvæmdastjórnin verði að samþykkja nákvæmar ráðstafanir varðandi framkvæmd sameiginlegra grunnkrafa um flugvernd í almenningsflugi, sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þá reglugerð, sem viðbót við almennu ráðstafanirnar, sem framkvæmdastjórnin samþykkti á grundvelli 2. mgr. 4. gr.
- 3) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 272/2009 ⁽²⁾ um viðbætur við sameiginlegar grunnkröfur um flugvernd í almenningsflugi er kveðið á um almennar ráðstafanir um leyfilegar skimunaraðferðir að því er varðar farþega, eins og mælt er fyrir um í A-hluta viðauka hennar.
- 4) Notkun öryggisskanna er skilvirk aðferð við skimun farþega og skal hún heimilud á flugvöllum í Evrópusambandinu með því að bæta henni á skrá yfir leyfilegar skimunaraðferðir.
- 5) Framkvæmdastjórnin hefur óskað eftir að vísindanefnd um nýgreinda og vaxandi heilbrigðisáhrættu (Scientific Committee on Emerging and Newly Identified Health Risks – SCENIHR) meti hugsanleg áhrif öryggisskanna, sem nota jónandi geislun, á heilbrigði manna. Með fyrirvara um tilskipun ráðsins 96/29/KBE frá 13. maí 1996 um grundvallaröryggisstaðla um verndun heilbrigðis starfsmanna og almennings gegn hættu af völdum jónandi geislunar ⁽³⁾ og tilskipun Evrópuþingsins

og ráðsins 2006/95/EB frá 12. desember 2006 um samhæfingu laga aðildarríkjanna um rafföng sem notuð eru innan ákveðinna spennumarka ⁽⁴⁾, er sem stendur, til að tryggja heilbrigði og öryggi borgara, aðeins öryggisskönnum sem nota ekki jónandi geislun bætt á skrána yfir leyfilegar skimunaraðferðir fyrir farþega í tengslum við flugvernd.

- 6) Notkun öryggisskanna skal falla undir sértækar framkvæmdarreglur sem heimila notkun þessarar skimunaraðferðar, annaðhvort eina sér og ásamt öðrum aðferðum, sem aðal- eða viðbótarúræði og við skilgreindar aðstæður til að tryggja verndun grundvallarréttinda. Þessar aðferðir skulu samþykktar sérstaklega skv. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008.
- 7) Með því að mæla fyrir um sérstök rekstrarskilyrði vegna notkunar öryggisskanna og með því að gefa farþegum kost á því að gangast undir aðrar skimunaraðferðir, eru í þessari reglugerð, ásamt sértækum framkvæmdarreglum, sem samþykktar eru skv. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008, virt grundvallarréttindi og tekið tillit til meginreglna sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, þ.m.t. virðing fyrir mannlegri reisn og friðhelgi einkalífs og fjölskyldulífs, réttur til verndar persónuupplýsinga, réttur barna, réttur til trúfrelsis og bann við mismunun. Reglugerð þessari skal beitt í samræmi við þessi réttindi og meginreglur.
- 8) Framkvæmdastjórnin mun vinna náið með hagsmunasamtökum og aðildarríkjunum til þess að tryggja, eins fljótt og auðið er, að einungis séu notaðir öryggisskannar sem byggjast á sjálfvirkri hættugreiningu á flugvöllum í Evrópusambandinu þannig að ekki sé lengur nauðsynlegt að mannlegur rýnir greini myndirnar.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningsflugi.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 272/2009 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 293, 11.11.2011, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 178/2012 frá 28. september 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 91, 3.4.2009, bls. 7.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 159, 29.6.1996, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 374, 27.12.2006, bls. 10.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel, 10. nóvember 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Í fyrstu undirgrein 1. mgr. í A-hluta viðaukans við reglugerð (EB) nr. 272/2009 bætist við eftirfarandi f. liður:

„f) öryggisskannar sem nota ekki jónandi geislun.“
